

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
vt. nefndasvið
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2806
komudagur 11.6.2010

11. júní 2010
Tilvísun: 2010050070

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum til að draga úr kennitöluflakki, 497. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar nefndasviðs Alþingis 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum til að draga úr kennitöluflakki, 497. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og bendir á að það getur verið verulega íþyngjandi ráðstöfun að afskrá félög. Slík íþyngjandi úrræði ættu að vera skýr og hafin yfir vafa. Fjármálaeftirlitið hefur efasemdir um að frumvarpið fullnægi slíkum skilyrðum, t.d. er hugtakið „ítrekað" sem kemur fram í lögnum ekki skilgreint nánar og ekki kemur fram hversu stórt hlutfall stjórnenda og eigenda þurfa að hafa orðið uppvisir af því að hafa keyrt fyrirtæki sín í þrot til að heimildinni verði beitt. Tilgangur laganna er eins og segir í greinargerð að slá varnagla við því að helstu eigendur og stjórnendur geti í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar orðið uppvisir að því að keyra fyrirtæki sín í þrot ítrekað. Fjármálaeftirlitið telur að þeim tilgangi yrði frekar náð með því að grípa til aðgerða gagnvart þeim stjórnendum og eigendum sem ítrekað hafa verið þáttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot í stað þess að afskrá sjálft félagið með tilheyrandi afleiðingum.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Guðrún Finnborg Þóroardóttir